

## REGLUGERÐ

### um stofnverndarsjóð íslenska hestakynsins.

#### 1. gr.

Stofnverndarsjóður íslenska hestakynsins er deild í stofnverndarstjóði sem starfar samkvæmt 15. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998. Fagráð í hrossarækt annast stjórn sjóðsins.

Sjóðurinn er í vörslu Bændasamtaka Íslands sem annast reikningshald sjóðsins og ávöxtun í samráði við fagráðið. Reikningar stofnverndarsjóðs skulu endurskoðaðir af ríkis-endurskoðun.

#### 2. gr.

Verkefni sjóðsins eru að veita lán og styrki til kaupa á sérstökum úrvalskynbótágripum ef sannað þykir að þeir verði fluttir úr landi að öðrum kosti. Hér væri um að ræða gripi sem gætu haft úrslitaáhrif á erfðabreytileika í stofninum s.s. litafjölbreytni, eða byggju yfir einstæðu kynbóttagildi í þeim eiginleikum sem prýða íslenskan hest.

Heimilt er að veita úr sjóðnum fé til þróunarverkefna í hrossarækt. Fagráð auglýsir eftir umsóknum ár hvert og tekur ákvörðun um styrkveitingar.

#### 3. gr.

Óheimilt er að skerða höfuðstól stofnverndarsjóðs að raungildi frá því sem var 1. janúar 1998. Lán úr sjóðnum skulu vera til fimm ára gegn veðum sem fagráð metur gild. Vextir af lánum sem sjóðurinn veitir skulu vera þeir sömu og inneignir sjóðsins bera á hverjum tíma.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 19. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 137 14. apríl 1992 um sama efni.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 29. júní 1999.*

**Guðni Ágústsson.**

*Sigríður Norðmann.*

3. júní 1999

Nr. 471

## REGLUGERÐ

### um skipulags-, bygginga- og umhverfismál á varnarsvæðum.

#### 1. gr.

Utanríkisráðherra skipar sex manna nefnd, er fer með skipulags-, bygginga- og umhverfismál á varnarsvæðum, í samráði við varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

Nefndin er skipuð þessum mönnum: Fulltrúa Skipulagsstofnunar, flugvallarstjóra Keflavíkurflugvallar, framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, fulltrúa varnarmálaskrifstofu, forstöðumanni Hollustuverndar ríkisins og manni skipuðum af utanríkisráðherra til 4 ára í senn, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Hann skal hafa sérþekkingu á skipulags- og byggingarmálum.

## 2. gr.

Nefndin skal fjalla um öll þau skipulags-, bygginga- og umhverfismál á varnarsvæðum, bæði að því er varðar varnarliðið og aðra aðila, sem varnarmálaskrifstofa óskar álits um.

Varnarmálaskrifstofan skal afla upplýsinga um fyrirhugaðar byggingar og mannvirkjagerð varnarliðsins, svo og fyrirhugað skipulag og staðsetningu slíkra bygginga og mannvirkja, og leggja fyrir nefndina. Aðrir aðilar skulu senda beiðnir sínar um leyfi til bygginga eða mannvirkjagerðar á varnarsvæðunum ásamt nauðsynlegum fylgigögnum beint til nefndarinnar.

## 3. gr.

Nefndin skal halda fundi svo oft sem þörf er á. Nefndin skal halda sameiginlega fundi með yfirstjórn skipulags-, bygginga- og umhverfismála varnarliðsins að öllu jöfnu mán- aðarlega.

## 4. gr.

Nefndin skal gæta þess, að ákvæðum íslenskrar löggjafar um skipulags-, bygginga- og umhverfismál sé fylgt eftir því sem við á. Nefndinni er rétt að taka tillit til staðla Bandaríkjahers og staðla Atlantshafsbandalagsins um byggingar og mannvirkjagerð að því marki sem nauðsynlegt er vegna varna ríkisins.

Áður en nefndin afgreiðir mál skal hún, ef um er að ræða mál, sem varða skipulagsskyld svæði, er liggja að varnarsvæðum, ætíð hafa samráð við Skipulagsstofnun og sveitarfélög, sem hlut geta átt að máli.

Álitsgerðir sínar sendir nefndin varnarmálaskrifstofu til endanlegrar samþykktar.

Komi upp ágreiningsmál má skjóta þeim til utanríkisráðherra sem hefur endanlegt ákvörðunarvald.

## 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grunni laga nr. 106, 17. desember 1954 um yfirstjórn mála á varnarsvæðum o.fl., sbr. auglýsingu um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 96, 31. desember 1969, laga nr. 110/1951 um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess og með heimild í 61. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73, 28. maí 1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998 og byggingareglugerð nr. 441/1998 og 4. og 5. gr. laga nr. 7, 12. mars 1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og reglugerðum settum á grundvelli þessara ákvæða, öðlast þegar gildi. Fellur þá úr gildi reglugerð um skipulags-, bygginga- og umhverfismál á varnarsvæðum, nr. 488, 1. desember 1993.

*Utanríkisráðuneytinu, 3. júní 1999.*

**Halldór Ásgrímsson.**

---

*Sverrir Haukur Gunnlaugsson.*